

1876

162 20, Einars 20 og Hreiðars 25, en hann hafði auk þess unnið það ábylisjörð sinni til bóta
19. des. síðustu árin undanfarin, að hlada þar 900 fadma af tún- og traðgargarði. Hafði amtmaður tekið fram, að það mætti virðast mjög áriðandi, að leiguliðar á þjóðjörðunum í Skaptafellssýslu væru uppörfaðir til að bæta af fremsta megni þær skemmdir, er jarðirnar verða fyrir á ári hverju af völdum náttúrunnar, með því móti, að veita þeim nokkra þóknun fyrir fyrirhöfn þeirra, þar eð jarðir þessar mundi að öðrum kosti leggjast í eyði eða eigi byggjast öðruvísi en með enn lægri leigumála en nú er á þeim; en hins vegar sje eigi ástæða til að veita slíka þóknun, ef fyrirhöfn ábúandans til varnar eða viðhalds jörð sinni nemi mjög litlu.

163 — Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups og landfógeta um útbýtingu á
20. des. uppþótarfje handa nokkrum prestaköllum. — Biskup hafði í brjefi 7. s. m. skýrt frá, að af fje því, er landshöfðingi hafði lagt þetta ár nokkrum fátökum prestaköllum með brjefi 17. jan. s. á. af þeim 2000 kr., sem veittar eru í því skyni í fjárlögunum 1876 og 1877 13. gr. A b 1., voru enn eptir ónotaðar 766 kr., með því að prestar þeir, er kallaðir hafa verið til Staðar í Aðalvík og Staðar í Súgandaströði, hafi ekki tekið við brauðunum þetta ár, og enginn prestur hafi verið skipaður í Prestshólabrauð — og hafði biskup lagt það til, að þessum 766 kr. yrði skipt meðal annara fátökra prestakalla. Skipti þá landshöfðingi fjenu, sem hjer segir:

Fljótshlíðarþingum í Rangárvalla prófastsdæmi	24 kr.
Stóruvalla prestakalli í — — —	50 —
Keldna þingum í — — —	50 —
Hrepphóla prestakalli í Árness — — —	60 —
Lundar — — í Borgarfjarðar — — —	20 —
Flateyjar — — í Barðastrandar — — —	100 —
Álptamýrar — — í Vestur-Ísafjarðar — — —	100 —
Staðarprestak. á Snæfjallströnd og } í Norður-Ísaf. prófastsd. 32 —	
Kirkjubólþingum	
Hjaltabakka prestakalli í Húnavatns prófastsdæmi	32 —
Mývatnsþingum í Suður-Þingeyjar — — —	200 —
Sandfells prestakalli í Austur-Skaptafells — — —	78 —
Einholts — — í — — — — —	20 —
	<hr/>
	766 —